



Stjórnarháttayfirlýsing

fyrir árið 2016

Stjórnarháttayfirlýsing

Góðir stjórnarhættir Landsbankans leggja grunninn að traustum samskiptum hluthafa, bankaráðsmanna, stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila og stuðla að hlutlægni, heilindum, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun bankans. Á hverju ári gerir Landsbankinn úttekt á því hvort viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti sé fylgt og hvort stjórnarhættir bankans á hverjum tíma séu í samræmi við þær leiðbeiningar.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti tilkynnti í desember 2014 að Landsbankinn hefði fengið viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Umsögn Rannsóknarmiðstöðvarinnar var byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af Deloitte í nóvember 2014. Niðurstaða úttektar Deloitte á stjórnarháttum Landsbankans var talin gefa skýra mynd af stjórnarháttum bankans og benda til þess að Landsbankinn geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar í góðum stjórnarháttum. Við útgáfu stjórnarháttayfirlýsingar þessarar vinnur Deloitte að endurnýjaðri úttekt á stjórnarháttum bankans og verður gerð grein fyrir niðurstöðum úttektarinnar á næsta aðalfundi bankans.

1. Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða ber að fylgja samkvæmt lögum og upplýsingar um það hvar slíkar reglur eru aðgengilegar almenningi

Samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 20. gr. laga nr. 57/2015, ber bankaráð Landsbankans ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag bankans stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn hans, aðskilnaði starfa og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra. Samkvæmt sömu lagagrein skal bankaráð árlega endurmeta stjórnarhætti sína með tilliti til viðurkenndra leiðbeininga um stjórnarhætti og bregðast við með viðeigandi hætti ef þörf er á.

Samkvæmt 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 20. gr. laga nr. 57/2015, skal Landsbankinn fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu. Bankanum ber jafnframt að gera grein fyrir stjórnarháttunum á vefsíðu sinni.

Landsbankinn fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út 1. júní 2015 (5. útg.) af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands, <http://leidbeiningar.is>. Hér á eftir er orðið „leiðbeiningar“ notað sem tilvísun til þessara leiðbeininga.

Þessi kafli í ársskýrslunni inniheldur stjórnarháttayfirlýsingu Landsbankans og fylgir yfirlýsingin þeirri framsetningu efnisatriða sem leiðbeiningarnar kveða á um.

2. Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

Landsbankinn uppfyllir ákvæði leiðbeininganna að undanskildu einu tilteknu efnisatriði sem fram kemur í grein 5.4.1. í leiðbeiningunum. Grein 5.4.1 er svohljóðandi: „Stjórn skal skipa sérstaka starfskjaranefnd til að setja félaginu starfskjarastefnu, í samræmi við það sem fram kemur í lið 2.7, og semja við framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn, eigi þeir sæti í stjórn, um laun og önnur starfskjör.“ Landsbankinn hefur ekki uppfyllt þetta ákvæði leiðbeininganna eins og það er túlkað í skýringum. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006, um kjararáð, sbr. lög nr. 87/2009, er kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga sem eru að meirihluta í eigu ríkisins. Ný lög um kjararáð nr. 130/2016, sem taka gildi 1. júlí 2017, færa þetta hlutverk hins vegar til bankaráðs og mun Landsbankinn þá uppfylla framangreint ákvæði í leiðbeiningunum.

3. Annars konar reglur og viðmið sem einnig er farið eftir og eiga sérstaklega við um þá tegund rekstrar sem félagið er í.

Um starfsemi Landsbankans gilda lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, reglur og tilmæli FME og Seðlabankans og ýmis önnur lagaákvæði um fjármálamarkaði.

4. Helstu þættir áhættustjórnunar og innra eftirlits

Bankaráð ber ábyrgð á því að fyrir hendi sé virk áhættustjórnun og innra eftirlitskerfi. Lögð er áhersla á að greina helstu áhættuþætti sem steðja að rekstri bankans og að innleiddar séu fyrirbyggjandi eftirlitsaðgerðir til að draga úr áhættu. Tilgangur innra eftirlits er að stuðla að því að bankinn nái markmiðum sínum varðandi afkomu, áhættuvilja og áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar og hlíti lögum og reglum.

Það er stefna bankans að taka aðeins áhættu sem hann skilur, getur metið og mætt. Árangursrík áhættustjórnun er lykilþáttur í langtímaarðsemi og stöðugleika í rekstri bankans. Í áhættustjórnun felst greining, mat og stýring á áhættuþáttum í rekstri bankans og að bankinn hafi skilvirkt skipulag til að mæta áhættu og/eða miðla upplýsingum um áhættu til grundvallar upplýstri ákvarðanatöku. Lögð er áhersla á að innan bankans sé viðhöfð fagleg áhættustjórnun, að allir starfsmenn þekki og skilji áhættuþætti sem tengjast starfi þeirra og að viðbrögð við áhættu byggji á upplýstri ákvarðanatöku.

Áhættustjórnun og innra eftirlit er samofið daglegri starfsemi bankans. Viðskiptastefnu og markmiðum bankans er framfylgt með áhættustefnu og virkum eftirlitsaðgerðum sem stuðla eiga að innleiðingu viðskiptastefnunnar. Stjórnendur og starfsmenn bera ábyrgð á eftirliti og stjórnun á áhættum sem steðja að einingum þeirra. Öflug eftirfylgni með ákvörðunum og vöktun áhættu er hluti innra eftirlits. Ráðgjöf um hönnun áhættuferla, eftirlit með áhættustöðum og eftirlit með virkni innra eftirlits er á ábyrgð sérstakra eininga, þ.e. Áhættustýringar, Regluvörslu og Innri endurskoðunar. Greining á virkni innra eftirlits felur í sér skoðun á fimm meginþáttum: eftirlitsumhverfi bankans, áhættustjórnun, eftirlitsaðgerðum, upplýsingum og samskiptum og stjórnendaeftirliti.

Áhættunefnd er ein af undirnefndum bankaráðs og fjallar hún með reglubundnum hætti um málefni tengd innra eftirliti og áhættustjórnun. Þá fjallar Endurskoðunarnefnd, önnur undirnefnd bankaráðs, reglubundið um reikningsskil bankans og leggur mat á innra eftirlitskerfi hans.

Nánari lýsing á áhættustjórnun bankans er að finna í sérstakri skýrslu um áhættustjórnun.

5. Stefna um samfélagslega ábyrgð og siðferðisviðmið

Í byrjun árs 2015 setti Landsbankinn sér nýja metnaðarfulla stefnu til ársins 2020. Stefnan miðar að því að viðskiptavinir finni að með Landsbankanum nái þeir árangri og að bankinn og viðskiptavinir hans njóti

gagnkvæms ávinnings. Grundvallaratriði í stefnu bankans er að hann verði til fyrirmyndar og sé traustur samherji í fjármálum.

Stefna Landsbankans til 2020 er byggð á sama grunni og unnið var eftir á árunum 2010-2015. Í ársbyrjun 2015 var hert á áherslum og ný verkefni kynnt til sögunnar. Til að fylgja eftir innleiðingu stefnunnar til 2020 skilgreindi bankinn fimm lykilmarkmið og sjö verkstrauma sem eiga að tryggja innleiðingu hennar.

Stefna bankans í samfélagsábyrgð var endurskoðuð á árinu 2016 og var uppfærð stefna samþykkt af bankaráði, samhliða stefnuáætlun í desember 2016.

Framtíðarsýn Landsbankans í samfélagsábyrgð er að byggja upp velferð til framtíðar í íslensku samfélagi.

Samfélagsstefna Landsbankans miðar að því að rekstur bankans stuðli að sjálfbærni í íslensku samfélagi, hann sé hreyfiafl og starfi í samræmi við ábyrga stjórnarhætti. Efnahagslíf, samfélag og náttúra eru hluti af sama kerfinu og vöxtur fyrstnefndu þáttanna tveggja getur ekki farið út fyrir þau endanlegu takmörk sem náttúran setur. Sjálfbærni vistkerfa og öflugt atvinnulíf eru samþætt og samrýmanleg en ekki andstæður.

Landsbankinn ætlar að vera hreyfiafl í samfélaginu. Bankinn mun eiga frumkvæði að samstarfi við fyrirtæki, stofnanir og samtök um nauðsynlegar breytingar á atvinnuháttum og innviðum sem stuðla að aukinni sjálfbærni íslensk atvinnulífs og samfélags með það að markmiði að tækifæri Íslands í þessu sambandi verði nýtt með sem bestum hætti fyrir land og þjóð til framtíðar. Í sameiningu má skapa ný viðskiptatækifæri með áherslu á sjálfbærni.

Stefna Landsbankans er að vera til fyrirmyndar og að vera traustur samherji í fjármálum. Bankinn ætlar að vera í fremstu röð hvað varðar samfélagsábyrgð fyrirtækja á Íslandi. Fyrir árslok 2018 stefnir bankinn að því að:

- » Tryggja að allir starfsmenn hafi þekkingu á og skilji hvað felst í sjálfbærni.
- » Eiga markvisst samtal við viðskiptavini, birgja og samfélagið um sjálfbærni og samfélagsábyrgð í fjármálastarfssemi.
- » Innleiða grunnviðmið sjálfbærni í ákvarðanatöku bankans.

Á næstu árum stefnir bankinn að því að:

- » Vera hreyfiafl í samfélaginu með því að eiga frumkvæði að samstarfi við fyrirtæki og stofnanir um nauðsynlegar breytingar á atvinnuháttum og innviðum sem stuðla að aukinni sjálfbærni íslensk atvinnulífs og samfélags.
- » Taka ákvarðanir um þjónustuframboð og aðra þætti í rekstri bankans út frá forsendum sjálfbærrar þróunar.
- » Hvetja viðskiptavini og samstarfsaðila bankans til að fylgja stefnu um samfélagsábyrgð.
- » Hefja lánveitingar á grundvelli grænna skuldabréfa í samvinnu við erlenda fjármögnunaraðila.
- » Gæta að sjálfbærni við mat á fjárfestingarmöguleikum, lánveitingum og verðlagningu.
- » Greina framtaksfyrirtæki og skráð fyrirtæki með tilliti til sjálfbærni.
- » Vera til fyrirmyndar í aðgerðum gegn peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka og mansals.
- » Tryggja að rekstur bankans hafi sem minnst áhrif á vistkerfið og lágmarka sóun.
- » Meta birgja með hliðsjón af sjálfbærni.
- » Mæla og meta árangur Landsbankans varðandi samfélagsábyrgð og sjálfbærni.

Til þess að uppfylla markmið stefnunnar er unnið að aðgerðaráætlun með það að markmiði að innleiða samfélagsábyrgð inn í verklag starfsmanna. Við innleiðingu ofangreindra atriða skal taka mið af grunnreglum samfélagslegrar ábyrgðar eins og þeim er lýst í leiðbeiningum Alþjóða staðlaráðsins (ISO 26000) og viðmiðum Global Compact verkefnis Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum.¹

Í febrúar 2012 samþykkti framkvæmdastjórn Landsbankans nýja jafnréttisstefnu með aðgerðaáætlun í sex liðum með skilgreindum mælikvörðum. Mælikvarðarnir taka annars vegar mið af lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og hins vegar af viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI) tengdum mannauðsmálum.

Landsbankinn hlaut í desember 2016 gullmerki Jafnlaunaúttektar PwC í annað sinn. Bankinn hlaut gullmerkið einnig árið 2015, fyrstur banka á Íslandi. Gullmerki Jafnlaunaúttektar PwC veitist fyrirtækjum þar sem launamunur kynja er innan við 3,5%. Með viðurkenningunni er því staðfest að launamunur kynja hjá Landsbankanum er innan þeirra marka.

Í desember 2012 skrifaði Landsbankinn undir viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar² (UN PRI) og tekur virkan þátt í starfi UNEP FI.³ Samfélagsskýrsla Landsbankans, byggð á viðmiðum GRI, var gefin út í tengslum við aðalfund bankans 2016. Slíkar skýrslur hafa verið gefnar út síðustu ár og þar er gerð nánari grein fyrir útfærslu samfélagsábyrgðar hjá Landsbankanum. Skýrslurnar eru aðgengilegar á vefsíðu bankans.⁴

Landsbankinn leggur áherslu á að samstarfsaðilar bankans, þeir sem koma að greiningu fyrirtækja fyrir hönd bankans og sjóðstjórar, séu þátttakendur eða taki tillit til viðmiða Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI). Hefur bankinn þegar hafið undirbúning að því að innleiða viðmiðin í verklag í eignastýringu. Bankinn mun einnig leggja aukna áherslu á að starfsmenn nýti sér vistvæna samgöngumáta, efla vistvæn innkaup og auka fræðslu til starfsmanna um samfélagslega ábyrgð. Þá efndi Landsbankinn til ráðstefnu um loftslagsmál í febrúar 2016 fyrir viðskiptavinum sína.

Siðareglur Landsbankans eru grunnviðmið góðra viðskiptahátta og siðferðis starfsmanna Landsbankans. Viðmiðin gilda um samskipti starfsmanna við viðskiptavinum, samstarfsmenn, eftirlitsaðila, hluthafa, samkeppnisaðila og aðra sem eiga hagsmuna að gæta. Siðareglurnar eru einn af hornsteinum stefnu Landsbankans og jafnframt leiðbeinandi um hvernig bregðast skuli við siðferðilegum álitamálum.

Siðareglurnar eiga við um alla starfsmenn bankans og einnig verktaka og umboðsmenn sem vinna fyrir Landsbankann eða koma fram fyrir hönd bankans. Siðareglur þessar mynda grunn að mannauðsstefnu, starfsreglum og verklagsreglum Landsbankans.

Siðareglurnar eru skrifaðar frá sjónarhorni starfsmanna og lýsa því hvernig þeir vinna og koma fram. Þetta er gert til að áréttu ábyrgð hvers og eins. Á starfsmönnum hvílir sú skylda að lesa siðareglurnar og fylgja þeim. Þótt þær séu ekki tæmandi hvað varðar dagleg störf ætti hver starfsmaður að temja sér að fylgja bæði bókstafnum og anda reglnanna og framar öllu að beita dómgreind sinni þegar álitæfni vakna. Þegar þörf krefur eiga starfsmenn að nýta þau úrræði sem bankinn veitir til að ræða vafaatriði og álitamál.

Stjórnendur Landsbankans helga sér siðareglurnar og skapa starfsmönnum aðstæður til að fylgja þeim.

Bankaráð Landsbankans hefur skuldbundið sig til að fylgja þessum reglum.

1 United Nations Global Compact.

2 Principles for Responsible Investment.

3 United Nations Environmental Programme – Financial Initiative.

4 <http://bankinn.landsbankinn.is/samfelagsleg-abyrgd/skyrslur/>

6. Samsetning og starfsemi bankaráðs, undirnefnda bankaráðs og framkvæmdastjórnar

Bankaráð er skipað sjö mönnum og tveimur til vara. Bankaráð er kosið á aðalfundi og er kjörtímabil bankaráðsmanna eitt ár. Við kjör bankaráðsmanna skal stefnt að því að kynjahlutfall sé sem jafnast og leitast við að tryggja að bankaráðið sem heild hafi yfir að ráða góðri þekkingu á bankastarfsemi. Formaður er kosinn sérstaklega á aðalfundi, en bankaráðsmenn kjósa varaformann. Bankaráð Landsbankans fer með æðsta vald í málefnum Landsbankans á milli hluthafafunda. Bankaráð ber ábyrgð á starfsemi bankans og stefnumótun. Bankaráð hefur jafnframt yfirumsjón með því að starfsemi bankans og rekstur sé í samræmi við lög, samþykktir bankans og aðrar reglur sem um starfsemina gilda. Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með rekstri bankans og sér til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Í starfsreglum sem bankaráð setur sér er kveðið nánar á um störf bankaráðs.

Fjórar undirnefndir starfa á vegum bankaráðs: Endurskoðunarnefnd, Áhættunefnd, Starfskjaranefnd og Framtíðarnefnd. Hlutverk nefndanna er m.a. að undirbúa umfjöllun bankaráðs á tilteknum starfssviðum og annast nánari athugun á málum sem þeim tengjast.

Bankaráð ræður bankastjóra og innri endurskoðanda. Bankastjóri ræður aðra daglega stjórnendur bankans. Innri endurskoðun heyrir undir bankaráð. Svið bankans eru sex talsins: Einstaklingssvið, Fyrirtækjasvið, Markaðir, Áhættustýring, Fjármál og Rekstur og upplýsingatækni. Hverju sviði er stýrt af framkvæmdastjóra og sameiginlega mynda þeir framkvæmdastjórn með bankastjóra. Skrifstofa bankastjóra, Regluvarsla, Mannauður og Markaðsdeild heyra beint undir bankastjóra.

7. Fyrirkomulag skipunar nefndarmanna tilnefningarnefndar.

Landsbankinn hefur ekki skipað tilnefningarnefnd.

8. Fyrirkomulag skipunar nefndarmanna undirnefnda

Bankaráð skipar nefndarmenn í undirnefndir. Engar breytingar urðu á fyrirkomulagi nefnda á árinu 2016. Endurskoðunarnefnd er skipuð þremur bankaráðsmönnum og einum utanaðkomandi nefndarmanni með sérþekkingu á sviði reikningsskila og endurskoðunar. Áhættunefnd er skipuð fjórum bankaráðsmönnum, Starfskjaranefnd þremur bankaráðsmönnum og Framtíðarnefnd fjórum bankaráðsmönnum.

9. Upplýsingar um fjölda bankaráðsfunda og funda undirnefnda og mætingu

Á árinu 2016 hélt bankaráð Landsbankans 33 fundi. Haldnir voru 12 fundir í Endurskoðunarnefnd, 14 í Áhættunefnd, 5 í Starfskjaranefnd og 6 í Framtíðarnefnd. Meðfylgjandi tafla sýnir mætingu á fundina.

	Starfstími á árinu 2016	Bankaráð	Endurskoðunarnefnd	Áhættunefnd	Starfskjaranefnd	Framtíðarnefnd
Bankaráðsmenn		33	12	14	5	6
Tryggvi Pálsson, formaður	01.01 - 21.04	13			2	2
Eva Sóley Guðbjörnsdóttir	01.01 - 21.04	13		5		2
Jón Sigurðsson	01.01 - 21.04	10		5		2
Kristján Þ. Davíðsson	01.01 - 21.04	13	3	6		
Jóhann Hjartarson	01.01 - 21.04	12	3		2	
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, varamaður	01.01 - 21.04	3				
Árni G. Hauksson, varmaður	01.01 - 21.04	0				
Helga Björk Eiríksdóttir, formaður	01.01 - 31.12	30		4	4	4
Danielle P. Neben	01.01 - 31.12	33	10			6
Magnús Pétursson	22.04 - 31.12	19		8	3	
Berglind Svavarsdóttir	22.04 - 31.12	19		5	3	
Einar Þór Bjarnason	22.04 - 31.12	19		8		4
Hersir Sigurgeirsson	22.04 - 31.12	20	7	8		
Jón Guðmann Pétursson	22.04 - 31.12	18	8			3
Samúel Guðmundsson, varamaður	22.04 - 31.12	4				
Ásbjörg Kristinsdóttir, varamaður	22.04 - 10.11	1				
Endurskoðunarnefnd						
Stefán Svavarsson	01.01 - 31.12		10			

10. Starfsreglur bankaráðs og undirnefnda

Starfsreglur bankaráðs má finna á vefsíðu Landsbankans.⁵ Sérstakar starfsreglur hafa jafnframt verið gefnar út fyrir Endurskoðunarnefnd, Áhættunefnd, Starfskjaranefnd og Framtíðarnefnd, og má einnig finna þær á vefsíðu bankans.

⁵ <http://bankinn.landsbankinn.is/um-bankann/stjornarhaettir/bankarad/starfsreglurbankarads/>

11. Upplýsingar um bankaráðsmenn

Aðalmenn í bankaráði eru eftirtaldir:

Helga Björk Eiríksdóttir er fædd árið 1968 og hefur búsetu á Íslandi. Helga Björk er framkvæmdastjóri Integrum, sem starfar á sviði fasteignaþróunar og ráðgjafar. Hún var áður fjárfesta- og almannatengill hjá Marel ásamt því að gegna formennsku í stjórn Sparisjóðs Svarfdæla. Helga Björk er með MBA-gráðu frá Háskólanum í Edinborg. Hún útskrifaðist með BA-gráðu í ensku og ítölsku frá Háskóla Íslands 1997 og lauk prófi í hagnýtri fjölmiðlun 1999 frá sama skóla. Helga Björk lauk prófi í markaðs- og útflutningsfræði frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 2002 og hefur lagt stund á verðbréfavíðskiptanam við Háskólann í Reykjavík. Á árunum 2010-2012 starfaði hún við sjálfstæða ráðgjöf. Hún hafði umsjón með samskiptamálum fyrir skilanevnd og slitastjórn Kaupþings hf. á árunum 2009 og 2010. Áður starfaði Helga Björk m.a. sem markaðs- og kynningarstjóri Nasdaq OMX kauphallarinnar á Íslandi um átta ára skeið. Helga Björk hefur einnig starfað við fjölmiðla, sinnt ýmsum öðrum störfum og var lengi starfsmaður Sparisjóðs Svarfdæla á Dalvík. Helga Björk var kjörin í bankaráð Landsbankans í apríl 2013. Hún er formaður bankaráðs ásamt því að gegna formennsku í Starfskjaranefnd.

Magnús Pétursson er fæddur árið 1947 og hefur búsetu á Íslandi. Magnús lauk prófi í hagfræði BA Econ. (Hons) frá háskólanum í York á Englandi árið 1971. Hann stundaði síðan framhaldsnám í hagfræði og skipulagsfræði við Lundarháskóla og Háskólann í Umeå í Svíþjóð 1973-1976. Magnús starfaði sem skrifstofustjóri Fjárlaga- og hagsýslustofnunar 1976-1981 og var hagsýslustjóri hjá Fjárlaga- og hagsýslustofnun 1981-1988. Hann var ráðgjafi og aðstoðarforstjóri á skrifstofu Norðurlandanna í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 1988-1990. Á árunum 1991-1998 gegndi hann starfi ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis. Hann var skipaður forstjóri Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur 1. janúar 1999 og í framhaldi af því var hann ráðinn forstjóri hins sameinaða sjúkrahúss, Landspítala – háskólasjúkrahúss, þar sem hann starfaði fram til ársins 2008. Hann gegndi síðan stöðu ríkissáttasemjara á árunum 2008-2015. Magnús hefur átt sæti í fjölmörgum nefndum og ráðum fyrir hið opinbera, þ. á m. framkvæmdanefnd vegna byggingar nýs Landspítala, 2005-2008, nefnd heilbrigðisráðherra um verkaskiptingu í heilbrigðiskerfinu, 2003-2006, nefnd um staðarval nýs háskólasjúkrahúss 2001-2002, stefnunefnd Landspítala og Háskóla Íslands um samskipti Landspítala og Háskóla Íslands 2001-2008 og þróunarnefnd Háskóla Íslands. Þá hefur hann á starfsferli sínum setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja og félaga, ásamt því að taka þátt í alþjóðlegu starfi á vegum hins opinbera. Magnús var kjörinn í bankaráð í apríl 2016 og er nú varaformaður.

Berglind Svavarsdóttir er fædd árið 1964 og hefur búsetu á Íslandi. Hún er hæstaréttarlögmaður og meðeigandi hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur. Berglind lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands árið 1989, öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1995 og sem hæstaréttarlögmaður árið 2008. Berglind er með diplóma í stjórnun frá Háskólanum á Akureyri 2006. Hún starfaði hjá skattranssóknarstjóra ríkisins á árunum 1988-1989 og sýslumanninum á Húsavík 1990-1996. Hún rak eigin lögmannsstofu og fasteignasölu 1996-2003, var meðeigandi Regula lögmannsstofu ehf. 2003-2010 og meðeigandi Acta lögmannsstofu á árunum 2011-2016, sem sameinaðist Lögfræðistofu Reykjavíkur 1. apríl sl. Berglind hefur gegnt ýmsum stjórnarstörfum og hefur setið í stjórn Lögmannafélags Íslands frá árinu 2015. Hún sat í slitastjórn SPB hf. 2009-2016 og endurupptökunefnd ad hoc 2015-2016. Einnig átti hún sæti í dómnefnd um umsækjendur um að vera tilnefndir af Íslands hálfu sem dómara í MDE 2013, í stjórn Félags kvenna í lögmennsku 2008-2010 og var varamaður í úrskurðarnefnd lögmannna 2005-2015. Berglind var kjörin í bankaráð í apríl 2016.

Danielle Pamela Neben er fædd árið 1970 og hefur búsetu á Íslandi. Danielle býr yfir alþjóðlegri reynslu á fjármálamarkaði. Hún starfaði hjá HSBC bankanum á árunum 1993-2013 í sjö löndum: Kanada, Singapore, Brasilíu, Tævan, Bretlandi, Þýskalandi og Lúxemborg. Danielle átti sæti í framkvæmdastjórn HSBC Trinkaus & Burkhardt (Int.) SA í Lúxemborg 2012-2013 sem framkvæmdastjóri á rekstrarsviði (Chief Operating Officer). Áður var hún í ýmsum stjórnunarstörfum innan HSBC bankans, m.a. í fjárfestatengslum, á fyrirtækjaþjónustu, einstaklingsþjónustu, endurskipulagningu, rekstri, áhættustýringu og mannauðsmálum. Danielle lauk háskólanámi í viðskiptafræði frá McGill University í Kanada með áherslu á fjármál og að auki þýsku. Hún er tvítyngd á ensku og frönsku og er altalandi á íslensku, portúgölsku og þýsku. Danielle er hluti af félagsskapnum Félag kvenna í atvinnulífinu (FKA) og er í alþjóðanefnd samtakanna. Auk þess er hún hluti af Exedra, hópi sem er félagsskapur kvenna í viðskiptum, stjórnámum, opinbera geiranum og listaheiminum. Danielle starfar nú sjálfstætt við ráðgjöf. Danielle var kjörin í bankaráð Landsbankans í apríl 2013 og er nú formaður Framtíðarnefndar.

Einar Þór Bjarnason er fæddur árið 1962 og hefur búsetu á Íslandi. Hann hefur starfað sem meðeigandi og rekstrarráðgjafi hjá Intellecta m.a. á sviði stefnumótunar og breytingastjórnunar frá árinu 2001. Hann lauk prófi í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1987 og meistaraþráðu í iðnaðar- og framleiðsluverkfræði frá Oregon State University í Bandaríkjunum árið 1992. Þá lauk hann einnig MBA námi frá Norwegian School of Management í Osló árið 1997. Einar Þór starfaði sem verkefnisstjóri hjá Eimskip 1987-1989 og hjá Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins 1989-1991 en hefur starfað sem ráðgjafi frá 1992, fyrst hjá Ráðgarði 1992-1996 og hjá Accenture í Noregi 1997-2000. Árið 2000 tók hann þátt í stofnun ráðgjafarfyrirtækisins Cell Strategy í Noregi og starfaði þar á árunum 2000-2001 sem stjórnandi. Einar Þór sat í stjórn AFLS Sparisjóðs á Siglufirði 2013-2015. Hann hefur setið í stjórnum íslenskra fyrirtækja og samtaka og sat m.a. í stjórn Stjórnvísí og Íslensku ánægjuvogarinnar. Hann gegnir nú stjórnarformennsku í Intellecta ehf. Einar Þór var kjörinn í bankaráð í apríl 2016.

Hersir Sigurgeirsson er fæddur árið 1972 og hefur búsetu á Íslandi. Hann er dósent í fjármálum við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og sjálfstætt starfandi ráðgjafi. Hersir lauk BSc-prófi í stærðfræði frá Háskóla Íslands árið 1995, meistaraþrófi í fjármálastærðfræði frá Stanford University árið 1999 og doktorsprófi í hagnýtri stærðfræði frá sama skóla 2001. Hann hefur einnig lokið prófi í verðbréfamiðlun. Hann starfaði sem sérfræðingur í hugbúnaðargerð hjá Integral í Bandaríkjunum 1999 og sem sérfræðingur í gagnarannsóknnum hjá Íslenskri erfðagreiningu 2001-2002. Hersir var sérfræðingur hjá Kaupþingi banka á árunum 2003-2006 m.a. í áhættustýringu og eigin viðskiptum. Á árunum 2006-2010 gegndi hann stöðu lektors í fjármálum við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Hann starfaði um árabíl fyrir Saga Capital á Akureyri, fyrst sem framkvæmdastjóri áhættustýringar og rekstrar 2006-2011 og síðar forstjóri 2011-2012. Einnig starfaði hann sem ráðgjafi hjá Alþjóðabankanum í Washington 2013-2015. Hersir var stjórnarformaður hjá fjármálafyrirtækinu T Plús hf., Akureyri, 2009-2014 og stjórnarformaður hjá Straumi sjóðum hf., Reykjavík, 2014-2015. Hann hefur setið í WACC-nefnd Orkustofnunar frá árinu 2014. Þá hefur hann undanfarin ár verið sérfróður meðdómari og dómkvaddur matsmaður í fjölda dómsmála vegna verðmats, skattamála o.fl. og veitt margvíslega ráðgjöf og sérfræðiþjónustu varðandi fjármál fyrirtækja, bankastarfsemi og fjármálamarkaði. Hersir var kjörinn í bankaráð í apríl 2016 og er formaður Áhættunefndar.

Jón Guðmann Pétursson er fæddur árið 1959 og hefur búsetu á Íslandi. Hann lauk Cand. oecon. prófi frá Viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1982 og starfaði sem viðskiptafræðingur hjá Endurskoðunarskrifstofu Björns & Ara árin 1982-1983. Jón var fjármálastjóri sjálfseignarstofnana Varnarliðsins árin 1984-1987, fjármálastjóri Hampiðjunnar árin 1987-2002 og forstjóri árin 2002-2014. Jón hefur setið í stjórnnum fjölmargra innlendra og erlendra fyrirtækja, þar á meðal í stjórn Hampiðjunnar árin 2006-2014 og í stjórnnum dótturfélaga hennar í Danmörku, Írlandi, Litháen og fleiri löndum, stjórn Royal Iceland frá árinu 2014, stjórn Iceland Seafood International árin 2009-2011, stjórn Vaka árin 2002-2004 og í stjórn Kauphallar Íslands árin 1996-1999. Þá var Jón í reikningsskilaráði Íslands árin 2001-2004 og sat í stjórn Lífeyrissjóðs Framsýnar árin 2002-2005. Jón Guðmann var kjörinn í bankaráð í apríl 2016 og er formaður Endurskoðunarnefndar.

Varamaður

Samúel Guðmundsson er fæddur árið 1967 og hefur búsetu á Íslandi. Hann starfar sem framkvæmdastjóri Sjávarkaupa hf., Food Diagnostic Ísland ehf. og S67 ehf. Samúel lauk viðskiptafræðiprófi, Cand. oecon., frá Háskóla Íslands árið 1991 og MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík árið 2007. Hann á að baki langan starfsferil hjá Olís hf. sem deildarstjóri hagdeildar 1992-1995, forstöðumaður upplýsingatæknisviðs 1995-1996, framkvæmdastjóri fjárfestinga- og áhættustýringarsviðs 1997-2006, framkvæmdastjóri vörustýringarsviðs 2006-2013 og framkvæmdastjóri heilðsölu- og rekstrarvörusviðs 2013-2014. Samúel situr nú í stjórn S67 ehf. og Food Diagnostic Ísland ehf., en áður hefur hann setið m.a. í stjórnnum Flutningsjöfnunarsjóðs 2004-2014, stjórn Gasfélagsins 2002-2005, varastjórn Olíudreifingar 2002 og stjórn Ellingsen 1999-2000. Samúel var kjörinn varamaður í apríl 2016.

Nefndarmaður í Endurskoðunarnefnd bankaráðs

Stefán Svavarsson er fæddur árið 1946 og hefur búsetu á Íslandi. Hann situr í Endurskoðunarnefnd bankaráðs Landsbankans sem utanaðkomandi sérfræðingur á sviði reikningsskila og endurskoðunar. Hann lauk BSc-prófi í viðskiptafræði með áherslu á reikningshald og endurskoðun frá Ríkisháskólanum í Ohio árið 1970 og hlaut löggildingu sem endurskoðandi árið 1975. Hann hefur víðtæka reynslu sem endurskoðandi og hefur stundað kennslu í endurskoðun við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Háskólann í Bifröst um langt árabil. Stefán starfaði sem innri endurskoðandi hjá Kraftco Inc. í Bandaríkjunum á árunum 1970 og 1971 og svo sem fulltrúi hjá Ríkisendurskoðun á árinu 1972. Frá 1972 til 1984 starfaði Stefán og var meðeigandi hjá Endurskoðunarskrifstofu Svavars Pálssonar. Stefán var skipaður lektor í endurskoðun við Háskóla Íslands árið 1975 og dósent tíu árum síðar. Á árunum 2004 og 2005 starfaði Stefán hjá Landsvirkjun, en árið 2005 var hann skipaður dósent og forstöðumaður meistaranáms í endurskoðun við Háskólann í Reykjavík og sinnti þar kennslustörfum til vors 2013. Á árunum 2006-2009 starfaði Stefán hjá Seðlabanka Íslands. Hann hefur gegnt stöðu prófessors við Háskólann á Bifröst frá árinu 2009. Meðfram kennslu starfrækti Stefán eigin endurskoðunarstofu á árunum 1984-1998. Stefán hefur gegnt margvíslegum nefndarstörfum á sviði endurskoðunar, svo sem í fagnefndum á vegum Félags löggiltra endurskoðenda og var formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins 2001-2006. Stefán situr nú í endurskoðunarnefnd Lífeyrissjóðs bankamanna.

12. Upplýsingar um hvaða stjórnarmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum

Aðal- og varamenn í bankaráði eiga ekki hlut í bankanum, hvorki beint né í gegnum tengda aðila. Aðal- og varamenn eru jafnframt óháðir Landsbankanum og stórum hluthöfum. Þeir hafa engin hagsmunatengsl við helstu viðskipta- og samkeppnisaðila félagsins eða stóra hluthafa í bankanum.

13. Helstu þættir í árangursmati

Fyrirhugað er að ljúka við árangursmat bankaráðs í febrúar. Skoðað er hvernig til tókst með verkefni bankaráðsins á árinu 2016. Einnig er lagt mat á upplýsingagjöf, stefnumótun og framtíðarsýn, frammistöðu bankaráðsmanna, skoðanaskipti, starf undirnefnda bankaráðs, frammistöðu formanns og frammistöðu bankastjóra.

14. Upplýsingar um bankastjóra og lýsing á helstu skyldum hans

Steinþór Pálsson lét af störfum sem bankastjóri Landsbankans 30. nóvember 2016 en hann hafði verið bankastjóri frá 1. júní 2010. Hreiðar Bjarnason, framkvæmdastjóri Fjármálasviðs, tók tímabundið við starfi bankastjóra frá þeim tíma. Hreiðar er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, með MSc-gráðu í fjármálafræðum frá London Business School og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Hreiðar hóf störf í Landsbanka Íslands hf. árið 1998, fyrst sem sérfræðingur í Markaðsviðskiptum og síðar í Fjárstýringu. Hreiðar tók við sem framkvæmdastjóri Markaða og fjárstýringar Landsbankans hf. snemma árs 2010, en tók við stöðu sem framkvæmdastjóri Fjármála í ágúst 2012 og var þá einnig skipaður staðgengill bankastjóra. Hreiðar situr í Áhættu- og fjármálanefnd bankans.

Hreiðar Bjarnason átti 528.733 hluti í bankanum í árslok 2016. Engir kaupréttarsamningar eru í gildi við Hreiðar. Þá eru ekki til staðar nein hagnatengsl við helstu viðskipta- og samkeppnisaðila félagsins eða stóra hluthafa í félaginu.

Bankastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum, samþykktum bankans eða ákvörðunum bankaráðs. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur bankastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild bankaráðs. Bankastjóri skal sjá til þess að rekstur bankans sé samkvæmt lögum, reglugerðum, samþykktum og ákvörðunum bankaráðs. Hann skal sjá til þess að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Bankastjóri er talsmaður bankans um öll rekstrarleg og viðskiptaleg málefni.

15. Lög og reglur

Ekki komu fram athugasemdir frá eftirlitsaðilum á árinu 2016 sem fólu í sér viðurlög vegna brota á lögum og reglum.

16. Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Hluthafar í Landsbankanum voru 1003 talsins í árslok 2016. Bankaráð hefur samskipti við hluthafa í samræmi við lög, samþykktir bankans og starfsreglur bankaráðs. Formaður bankaráðs stýrir samskiptum bankaráðs við hluthafa. Bankaráðsmönnum ber í störfum sínum og við ákvarðanatöku að starfa með hagsmuni bankans og allra hluthafa að leiðarljósi samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og þeirra reglna og fyrirmæla sem um starfsemi fjármálafyrirtækja gilda.